


Fólksbifreið
Sendibifreið

ÖKUNÁMSBÓK

fyrir almenn ökuréttindi

FLOKKUR B



Samskiptabók
vegna ökunáms

Ökunemi/eigandi ökunámsbókar

Kennitala

Sími/símar

Heimili

Ökukennari

Sími

Ökuskóli/-skólar

Ég, undirritaður forráðamaður ökunemans, staðfesti með undirskrift minni að hann megji hefja ökunám. (Skal fyllt út ef ökunemi er undir 18 ára aldri)

Forráðamaður

Kennitala

Sími/símar

Ökuskóli og ökugerði

Skal fyllt út af ökunema. Kennslustund er miðuð við 45 mínútur.

Fyrsti hluti ökuskóla (Ö ₁)			Annar hluti ökuskóla (Ö ₂)		
Dags.	Tíma- fjöldi	Vottun nema	Dags.	Tíma- fjöldi	Vottun nema
Kennslustundir Ö ₁ :			Kennslustundir Ö ₂ :		

Ö₁:

Dags. - vottun ökuskóla

Ö₂:

Dags. - vottun ökuskóla

Þriðji hluti ökuskóla (Ö ₃)			
Dags.	Tímafjöldi, bóklegt	Tímafjöldi, verklegt	Vottun nema
Kennslustundir Ö ₃ :			

Ö₃:

Dags. - vottun ökugerðis

Gátlisti - Ö₁ og Ö₂ bóklegt nám

Þennan lista getur ökunemi notað til að merkja þau atriði sem lokið er í bóklegri kennslu.

Fyrsti hluti ökuskóla (Ö ₁)		Dags.
3.1.1	Yfirlit yfir ökunámið; ökunám - ökuþróf	
3.1.2	Ökuréttindaflokkar og skilyrði til að fá ökuskrá; flokkar - heilbrigði o.fl.	
3.1.3	Stofnanir umferðarmálefna; lögreglan, Umferðarstofa o.fl.	
3.2.1	Búnaður ökutækis og notkun; hemlar - ljós - vél - öryggisbúnaður o.fl.	
3.2.2	Vegurinn; skilgreiningar - umferðarmerki - vegmerkingar	
3.2.3	Umferðarumhverfi; félagsleg hegðun - mengun - varúð - tillitssemi	
3.2.4	Áhætta, umferðarslys og orsakir; tölfræði slysa - orsakir	
3.2.5	Ökumaður, ökutæki og vegurinn; samspil - hagkvæmur akstur	
3.2.6	Umferðarlöggjöfin; umferðarlög og aðrar reglur umferðarinnar	
3.3.1	Grunnreglur fyrir atferli umferðar; merkjagjöf - öryggisbil - hraði	
3.3.2	Athyglitækni; skynfæri - sjónsvið - athygli	
3.3.3	Merki og tákni; stefnumerki - ljósanotkun - önnur merkjagjöf	
3.3.4	Hraði og aðstæður; val hraða - aðstæður - stöðvunarvegalengd	
3.3.5	Staða á vegi; staða - akreinaskipti - bil milli bíla	
3.3.6	Forgangur í umferð; hægri forgangur - bið- og stöðvunarskylda - götuvitar	
3.3.7	Bakkað og snúið við; aðferðir við að snúa við á akbraut	
3.3.8	Stöðvun og lagning ökutækja; hvar bannað - hvar leyft	
3.3.9	Áhætta og áhættumat; viðhorf - sjálfsmat - áhætta - „varnarakstur“	
3.3.10	Akstur í myrkri og ljósaskiptum; aðlögun sjónar í dimmu - ljósanotkun	
3.3.11	Gangbrautir; forgangur - reglur við gangbraut	
3.3.12	Að- og fráreinar- akstur á þjóðvegum; mismunandi aðstæður s.s. jarðgöng	
3.3.13	Framúrakstur og akstur á malarvegum; meta aðstæður - reglur - áhætta	
Annar hluti ökuskóla (Ö ₂)		Dags.
3.1.-3.	Upprifjun á fyrri hluta; ökutækið - vegurinn - umferðin - umferðarhegðun	
3.4.1	Umferðarsálfræði; mannleg frammistaða - mannleg mistök	
3.4.2	Akstursferlið; skynjun - túlkun - ákvörðun - viðbragð	
3.4.3	Áhrifapættir ökumannsins; persónuleiki - tilfinningar - líkamlegt ástand	
3.4.4	Hópar vegfarenda - sérkenni þeirra; börn - aldraðir - fatlaðir - hjólreiðamenn	
3.4.5	Kröfur umferðarinnar og geta ökumanns; samræmi - afleiðing vanhæfni	
3.5.1	Skráning og eigendaskipti; skráning - trygging - skoðun o.fl.	
3.5.2	Ábyrgð ökumanns á innra öryggi; lögmætt ástand - öryggisbúnaður o.fl.	
3.5.3	Fjárhagsleg ábyrgð; skaðabótaskylda - gáleysi - ábyrgð	
3.5.4	Viðbrögð stjórnvalda - viðurlög; refsipunktakerfi - ökuferilsskrá - svipting	
3.5.5	Skyldur ökumanns á slysstað; tryggja aðstæður - tilkynning - vitni o.fl.	
3.5.6	Aðkoma að slysi; skyndihjálpar - endurlífing - viðbrögð á slysstað	

Gátlisti - kennsluakstur

Þennan lista má nota til að skrá æfingar og meta leikni og öryggi ökunema í ýmsum þáttum umferðarhegðunar. Listinn er byggður á fyrirmælum námskrár um ferli þjálfunar á bifreið.

Þættir námskrár	Akstursþættir	Kennt		
2.1.1	Undirbúningur aksturs; sæti - speglar - útsýn - öryggisbúnaður			
2.1.2	Stjórnþætti - ræsing; mælaborð - kúpling - gírar - ljós - stýrisgrip			
2.1.3	Aka af stað og stoppa; beiting kúplingar, hemla og eldsneytisgjafar			
2.1.4	Hægri og vinstri beygjur á gatnamótum; stýra - merkjagjöf - staða			
2.1.5	Gírskipting og hemlun; gangstig – skipta niður - hraði - hemlun			
2.1.6	Ganga frá í brekku og taka af stað; handhemill – renna aftur á bak			
2.1.7	Bakkað; beint, lárétt, upp og niður brekku, í hægri og vinstri beygju			
2.1.8	Athugun á vél og vagni; vökvar – rúður - hjólbarðar - öryggisbúnaður			
	Skipt um hjólbarða; leggja við veg - tryggja öryggi - viðvörðun			
2.2.1	Athygli; sjá út – sýna framsýni – nota spegla – blind svæði			
2.2.2	Val akreina - akreinaskipti; rétt val og akreinaskipti, stefnuljós			
2.2.3	Einstefnuvegir; staða á vegi - greina hættur			
2.2.4	Þétt umferð; yfirsýn - val hraða og akreina – staða á akbraut			
2.2.5	Ljósastýrð gatnamót; varúð og forgangur - viðbrögð við ljósum			
2.2.6	Hringtorg; val akreina í hringtorgi - merkjagjöf			
2.2.7	Forgangur í umferð; aðalbraut - stöðvunarskylda - hægri forgangur			
2.2.8	Vistakstur; eldsneytiseyðsla - vélarslit - umhverfi - umferðaröryggi			
2.3.1	Samhæfing og samstilling við umferð; merkjagjöf - staða - val hraða			
2.3.2	Gætni og varúð; gangbrautir - skólar - þröngar aðstæður			
2.3.3	Snúa við og lagt í stæði; bílastæði og bílastæðahús			
2.3.4	Akstur í íbúðarhverfum; akstursleið - tillitssemi - hávaðamengun			
2.3.5	Akstur í mismikilli umferð; sjá fram á veginn - meta áhættuþætti			
2.4.1	Stöðugleiki í stýringu; stefna - hraði - staðsetning			
	Aðreinar og fráreinar - hraðaval; notkun - merkingar - hraði			

Kennsluakstur

Skal fyllt út af ökunema og ökukennara. Hér skal skrá alla ökutíma. Kennslustund er miðuð við 45 mínútur.

Nr	Dags.	Mín.	Ökunemi	Kennari	Nr	Dags.	Mín.	Ökunemi	Kennari
1					17				
2					18				
3					19				
4					20				
5					21				
6					22				
7					23				
8					24				
9					25				
10					26				
11					27				
12					28				
13					29				
14					30				
15					31				
16					32				

Samantekt á kennsluakstri

Verði ökutímar fleiri notist viðbótarblað

Fjöldi ökutíma fyrir æfingaleyfi - lágmark 10 tímar að jafnaði-	Upphaf æfingaaksturs	Ökutímar alls - lágmark 15 tímar auk ökugerðis-
Athugasemdir		

UMSÓKN

ÆFINGAAKSTUR

Á FÓLKSBIFREIÐ MEÐ LEIÐBEINANDA

Til lögreglustjórans í/á _____

Undirritaður löggiltur ökukennari staðfestir að neðangreindur ökunemi hefur öðlast nauðsynlegan undirbúning til að hefja æfingaakstur með leiðbeinanda, sbr. bls. 2 og 6 í ökunámsbók, ákvæði námskrár og reglugerðar um ökuskírteini.

 Staður og dagsetning

 Ökukennari

Undirritaður leiðbeinandi

Undirskrift(ir) leiðbeinanda(leiðbeinenda)

Kennitala

sækir hér með um leyfi til að leiðbeina

ökunemanum

Kennitala

Vátrygging neðangreindra(r) bifreiða(r) er í gildi vegna þessa æfingaaksturs með leiðbeinanda

Skráningarnúmer bifreiðar _____

Skráningarnúmer bifreiðar _____

Dags-----
Undirskrift vátryggingarfélags-----
Dags-----
Undirskrift vátryggingarfélags

LEYFI

Lögreglustjórinn samþykkir, samkvæmt 57. grein umferðarlaga og 30. og 31. grein reglugerðar um ökuskírteini ásamt 2. tl. IV. viðauka, ofangreinda umsókn og veitir leyfi til æfingaaksturs.

Leyfið gildir frá

Leyfið gildir til

Leiðbeinandi og ökunemi skulu hafa ökunámsbók meðferðis við æfingaaksturinn og sýna þegar lögreglan krefst þess. Bifreið sem notuð er til æfingaaksturs skal vera að hámarki 3.500 kg að leyfðri heildarþyngd, með gilda skoðun, lögboðnar tryggingar og í lögumæltu ástandi. Sjá nánari reglur og fyrirmæli á bls. 8 og 9.

 Staður og dagsetning

 Undirskrift/embættisstimpill lögreglustjórans

Æfingaakstur með leiðbeinanda - reglugerð

Nemanda sem hlotið hefur nauðsynlegan undirbúning hjá ökukennara er heimilt að æfa akstur bifreiðar með leiðbeinanda í stað ökukennara, enda hafi leiðbeinandinn fengið til þess leyfi lögreglustjóra.

Engum má veita leyfi sem leiðbeinandi nema hann:

- a. hafi náð 24 ára aldri,
- b. hafi gild ökuréttindi til að stjórna þeim flokki ökutækja sem æfa á akstur með og hafi a.m.k. fimm ára reynslu af að aka þannig ökutæki,
- c. hafi ekki á undangengnum tólf mánuðum verið án ökuskírteinis vegna ökuleyfissviptingar eða verið refsað fyrir vítaverða aksturshætti.

Umsókn um heimild til að æfa akstur með leiðbeinanda skal rituð á eyðublað sem gert er eftir fyrirmælum Umferðarstofa. Á eyðublaðinu skal vera vottorð ökukennara er staðfesti að nemandinn hafi öðlast næga þekkingu á umferðarreglum og þjálfun í meðferð og stjórnun ökutækis til að æfa akstur með leiðbeinanda. Slíkt vottorð þarf ekki ef leitað er heimildar fyrir nýjum leiðbeinanda með nemandann.

Leyfi skal gefið út á nafn nemanda og leiðbeinanda og til tiltekins tíma, allt að fimmtán mánuðum. Á leyfið skal prenta leiðbeiningar um æfingaakstur með leiðbeinanda. Leyfið fellur sjálfkrafa úr gildi þegar nemandi hefur öðlast ökuréttindin. Heimilt er að afturkalla leyfi ef sérstaklega stendur á.

Leiðbeinandi skal hafa leyfið meðferðis við æfingaakstur og sýna það þegar lögreglan krefst þess. Leiðbeinanda er óheimilt að taka endurgjald fyrir starf sitt.

Æfingaakstur skal fara fram með hliðsjón af þjálfun nemandans og leiðbeiningum sem Umferðarstofa gefur út að höfðu samráði við Ökukennarafélag Íslands. Skal ökukennari veita leiðbeinanda aðstoð við skipulagningu æfingaakstursins, svo sem með því að leiðbeinandinn fylgist með kennslustund nemandans í akstri.

Óheimilt er að æfa með leiðbeinanda akstur bifreiðar sem krafist er aukinna ökuréttinda til að stjórna.

Ökutæki sem notað er til æfingaaksturs með leiðbeinanda skal auðkennt að aftan með merki með áletruninni „ÆFINGAAKSTUR“. Umferðarstofa ræður gerð merkjanna. Óheimilt er að nota merkin við annan akstur.

(Úr reglugerð um ökuskírteini).

Að öðru leyti gilda sömu reglur um æfingaakstur með leiðbeinanda og um kennsluakstur með ökukennara, eftir því sem við á.

Viðbótarþjálfun með leiðbeinanda

Þegar valin hefur verið sú leið að að afla viðbótarþjálfunar með leiðbeinanda má velja um tvær leiðir.

Blönduð leið. Neminn byrjar samtímis í kennsluakstri og ökuskóla (\ddot{O}_1 og \ddot{O}_2). Eftir grunnundirbúning hjá ökukennara fær hann æfingaleyfi og getur byrjað í æfingaakstri með leiðbeinanda en haldið samt áfram í kennsluakstri. Ökukennarinn leiðbeinir þá um hvað sé æft með leiðbeinanda hverju sinni. Þannig vinna ökukennarinn og leiðbeinandinn saman að þjálfun nemans fram að ökuþrófi. Eftir kennslu í ökugerði (\ddot{O}_3) tekur ökukennari nemandinn í lokakennslu og leggur mat á hvort hann sé reiðubúinn í próf. (Námstími 2 - 3 mánuðir).

Viðbótarþjálfun með leiðbeinanda. Neminn byrjar eins og að framan en fer samtímis aðeins í fyrsta hluta ökuskólans (\ddot{O}_1). Þegar undirbúningi er lokið fær hann æfingaleyfi sem hann nýtir með leiðbeinanda. Æskilegt er að ökukennarinn sé tiltækur með ráðleggingar á því tímabili. Þegar líður að próftöku fer ökunemi í annan hluta ökuskólans (\ddot{O}_2) og lýkur bóklegum undirbúningi fyrir ökuþrófið. Eftir kennslu í ökugerði (\ddot{O}_3) tekur ökukennari nemandinn í lokakennslu og leggur mat á hvort hann sé reiðubúinn í próf. (Námstími 3 - 15 mánuðir).

Ökukennari skal veita leiðbeinanda aðstoð við skipulagningu æfingaakstursins og leiðbeinanda honum um framkvæmd, svo sem með því að leiðbeinandinn fylgist með kennslustund nemandans í akstri, og upplýsa hann um þær hættur sem fylgja æfingaakstri. Mælt er með að leiðbeinandinn noti sérstakan auka baksýnispegil inni í bifreið og augnspegil til að fylgjast með athygli ökunema.

Nokkur ráð til leiðbeinanda í æfingaakstri:

1. Þjálfðu minnst eina klukkustund á viku. „Æfingin skapar meistarann“.
2. Þjálfðu nemandinn vel í að leggja í stæði, aftur á bak og áfram.
3. Byrjaðu í rólegri umferð og færðu þig smátt og smátt í erfiðari aðstæður til að venja bæði þig og ökunemandinn við mismunandi aðstæður.
4. Þjálfðu einnig þegar færi er erfitt vegna hálfu eða snjóá.
5. Þjálfðu líka í myrkri eða rigningu til að venja nemandinn við rétta notkun ljósa s.s. þegar ökutæki mætast.
6. Miðaðu hraðann alltaf við aðstæður og umfram allt ekki fara yfir leyfðan hámarkshraða.
7. Notaðu töfluna á bls. 10 til að skrá niður ferðirnar og hvað var æft.
8. Notaðu gátlistann á bls. 11 til að ganga úr skugga um að þú sért búin(n) að æfa það sem skiptir máli.
9. Hafðu það að markmiði að æfa nemandinn við eins fjölbreyttar aðstæður og hægt er.
10. Vertu viðbúin(n) og opin(n) fyrir því að læra eitthvað nýtt um umferðina af nemandinum því hann er nýkominn úr námi en mörg ár eru síðan þú varst í ökunámi.
11. Notaðu augnspegil í hægra neðra horni framrúðu til að fylgjast með nemandinum. Augnhreyfingar segja þér hvort hann hafi tekið eftir aðsteðjandi hættum eða ekki.
12. Notaðu auka baksýnispegil til að fylgjast með umferð fyrir aftan.
13. Til að vera viðbúin(n) að grípa inn í aksturinn þarftu að vera vel á verði og fylgjast náið með allri umferð sem er í nánd við bílinn og ætlunum ökunemans.
14. Forðastu neikvæðar athugasemdir, styrktu frekar það jákvæða sem ökunemi gerir.
15. Þú hefur ekki hemlafetla hjá þér eins og ökukennarinn. Ákveddu því fyrirfram með nemandinum markviss fyrirmæli um neyðarstöðvun eða neyðarviðbrögð.
16. Hafðu samband við ökukennarann ef illa gengur eða aksturinn er kominn í sjálfheldu.

Gátlisti leiðbeinanda

Þennan lista getur leiðbeinandi notað til að skrá æfingar og meta leikni og öryggi ökunema í ýmsum þáttum umferðarhegðunar. Listinn er byggður á matsblaði prófdómara sem er notaður við aksturspróf.

Nr.	Akstursþættir	Bágt	Sæmil.	Gott
1	Beygjur; hægri og vinstri beygjur á gatnamótum			
2	Staða á akbraut - framúrakstur; staðsetning á vegi og önnur umferð			
3	Val akreina - akreinaskipti; rétt val akreina og skipt um akrein			
4	Hraði; hraðatakörkunum fylgt, jafn hraði og hraði miðað við aðstæður			
5	Athygli - öryggi í akstri; notkun spegla, áhættumat og varúð			
6	Ekið aftur á bak; beint og í hægri og vinstri beygju			
7	Lagt í stæði; áfram, afturábak, þvert á akstursstefnu og samhliða			
8	Tekið af stað í brekku; án þess að renna aftur á bak - með eða án notkunar handhemils			
9	Gengið frá ökutæki - ekið af stað; gír - rofar - kúpling - hemlar - handhemill - læsa			
10	Ekið um vegamót - forgangur; varúðar gætt við vegamót með hægri forgangi			
11	Stöðvunarskylda; stöðvað við línu og forgangur virtur í öllum tilvikum			
12	Akstur um umferðarljós; umferðarmerki - umferðarljós			
13	Ljós - þurrkur - miðstöð; rétt notkun ljósa, rofa o.fl.			
14	Aðgæsla vegna gangandi vegfarenda; varúð og tillitssemi			
15	Akstur á malarvegum; hraði og beygjur – staðsetning - lausamöl			
16	Nauðhemlun; , á þurru malbiki, malarvegi, bleytu og hálfu - án læsingar			
17	Hemlar - tengsl - gírar; notkun gíra, mjúk hemlun og mjúkur akstur			
18	Stýrisgrip - seta undir stýri; stýrisgrip, belti og rétt stillt sæti/ höfuðpúði			
19	Öryggisskoðun; belti, hemlar, gaumljós, ljós, spegla og hjólbarðar			
20	Annað			

Ökupróf

Ökunemi skal alltaf hafa ökunámsbókina meðferðis í ökutíma og framvísa henni í hvert skipti sem hann mætir til prófs. Prófdómari vottar í bókina að próf sé staðið. Standist ökunemi ekki skriflegt eða verklegt próf þarf að líða vika þar til hann reynir við próf að nýju.

Ökupróf. Áður en próf fer fram á ökunemi að lágmarki að hafa lokið eftirtöldum kennslustundum og náð þekkingar- og færnimarkmiðum námskrár:

Fyrir skriflegt próf:

1. Ö1: 12 kennslustundir, Ö2: 10 kennslustundir ásamt kennslu í ökugerði (3 kennslustundir í stofu og 2 kennslustundir í bifreið) eða
2. Ö1: 12 kennslustundir og Ö2: 12 kennslustundir ef námi í ökugerði er ekki lokið og
3. 14 ökutímar.

Fyrir verklegt próf:

15 ökutímar ef námi í ökugerði er lokið annars 16 ökutímar.

Hafi ökunám, samkvæmt ökunámsbók, ekki farið fram samkvæmt ákvæðum reglugerðar og námskrár getur próf ekki farið fram nema fyrir liggja undanþága frá Umferðarstofu.

Skriflegt próf - niðurstaða	Verklegt próf - niðurstaða
----- Dags prófdómari	----- Dags prófdómari

Bráðabirgðaskírteini – akstursbann – akstursmat

Fái ökumaður 4 punkta í ökuferilsskrá er hann settur í akstursbann sem er aflétt þegar hann hefur lokið sérstöku námskeiði og staðist ökupróf að nýju. Sama gildir um þann sem fær sviptingu vegna hraðaksturs eða aksturs undir áhrifum áfengis eða fíkniefna.

Bráðabirgðaskírteini gildir í þrjú ár. Þann gildistíma má stytta. Ökumaður getur fengið fullnaðarskírteini, hafi hann haft bráðabirgðaskírteini samfelt í 12 mánuði og ekki á þeim tíma fengið punkta í punktakerfi vegna umferðarlagabrota og farið í akstursmat. Nýti ökumaður sér ekki þessa heimild eða fullnægi hann ekki skilyrðunum, gildir bráðabirgðaskírteinið áfram þar til það rennur út (þrjú ár frá útgáfudegi). Að þeim tíma liðnum getur ökumaðurinn sótt um fullnaðarskírteini, fullnægi hann áður nefndum skilyrðum. Fullnægi hann þeim hins vegar ekki, fær hann útgefið bráðabirgðaskírteini á ný til þriggja ára.

Markmið akstursmats er að ökumaðurinn geri sér grein fyrir hæfni sinni og getu í umferðinni með tilliti til umferðaröryggis.

Talið er að ökumaður þurfi að minnsta kosti 5 til 7 ára þjálfun á bifreið til þess að hann geti talist tiltölulega öruggur í umferðinni.

Upplýsingar um námsferil - til Umferðarstofu

Flokkur B

Ökunemi		
Kennitala	Sími	
<p>Skal fyllt út fyrir skriflegt próf.</p> <p>Það er hér með vottað að ökuneminn hefur fengið a.m.k. lágmarks bóklega kennslu hjá neðangreindum ökuskóla til undirbúnings ökuréttinda samkvæmt námskrá. Einnig vottar ökukennari hlutdeild sína í fræðilegum undirbúningi ökunemans.</p>		
----- Staður og dagsetning	----- Ökuskóli	
----- Staður og dagsetning	----- Ökukennari	
<p>Skal fyllt út fyrir verklegt próf.</p> <p>Það er hér með vottað að ökuneminn hefur hlotið a.m.k. lágmarkspjálfun í akstri hjá undirrituðum ökukennara til undirbúnings ökuréttinda samkvæmt námskrá.</p>		
----- Staður og dagsetning	----- Ökukennari	
<p>Skal fyllt út af prófdómara</p> <p>Próftaki skal sækja nám í ökugerði: já <input type="checkbox"/> nei <input type="checkbox"/></p> <p>Próftaki hefur lokið námi í ökugerði: já <input type="checkbox"/> nei <input type="checkbox"/></p>		
----- Prófstaður	----- Dagsetning	----- Prófdómari
Athugasemdir		

Um ökuþróf

Tilgangur ökuþrófs er að meta hvort þróftaki búi yfir þeirri þekkingu, hæfni og leikni sem áskilin er til að hann geti ekið bifreið af nægu öryggi og til að fá útgefið ökuskríteini. Ökuþróf skiptist í tvo hluta; fræðilegt þróf og verklegt þróf. Verklega þrófið er tvíþætt, munnlegt þróf og akstursþróf. Fræðilegt þróf má ekki fara fram fyrr en tveimur mánuðum áður en þróftaki nær 17 ára aldri.

Verklegt þróf má ekki fara fram fyrr en að fræðilegu þrófi er lokið með fullnægjandi árangri. Verklegt þróf má ekki fara fram fyrr en einni viku áður en þróftaki nær 17 ára aldri. Ef sérstakar aðstæður eru fyrir hendi má þrófið fara fram allt að tveimur vikum áður en aldrinum er náð. Þróftaki verður að hafa staðist verklega þrófið áður en sex mánuðir eru liðnir frá því hann stóðst skriflega þrófið.

Skriflegt þróf

Skriflegt þróf sem er krossaþróf tekur um 45 mínútur og niðurstaða liggur fyrir strax að loknu þrófi. Það skiptist í A og B hluta, 15 spurningar í hvorum hluta.

Í A-hluta er spurt um:

- *umferðarmerki, vegmerkingar og akreinatöflur*
- *forgang: umferðarljós, merki lögreglu, hægri reglu og merki um forgang*
- *stöðvun og lagningu bifreiða*
- *gangbrautir, óvarða vegfarendur og varúð.*

Í B-hluta er spurt um:

- *ökuskríteini og opinbera umsýslu, ökutæki og umhverfispætti*
- *ljósa- og merkjanotkun, hraða og aðstæður og stöðvunarvegalengd*
- *mannlega þætti, almenna aksturshætti og skyndihjálp.*

Munnlegt þróf

Tilgangur munnlegs þrófs er að komast að raun um hvort þróftaki hafi þá þekkingu á gerð og búnaði bifreiðar að hann geti haldið henni þannig við að ekki verði um óeðlilegar bilanir að ræða sem gera hana óörugga í akstri eða auka verulega rekstrarkostnað hennar. Einnig að hann geti greint galla eða bilanir er fram kunna að koma og verulegu máli skipta um öryggi.

Hann á að geta svarað spurningum um

- *mæla og gaumljós í mælaborði, hvað hver mælir sýnir og hvaða upplýsingar hann gefur.*
- *stillingar á sæti og baksýnis- og hliðarspeglum, útsýn úr bifreið og hvaða hlutum beri að leggja mesta áherslu á að halda hreinum. Einnig um notkun öryggisbúnaðar og um ástand og virkni hemla og annarra stjórnækja.*
- *gang og viðhald vélar, hvernig olía er mæld á vél og hvernig megi fylgjast með ástandi annarra vökva svo sem rúðu-, kæli- og hemlavökva. Einnig um hjólbarðaskipti og notkun viðvörunarþríhyrnings.*

Akstursþróf

Tilgangur akstursþrófs er að komast að raun um hvort þróftaki hafi þá þekkingu, athygli og færni sem þarf til að aka bifreið í umferðinni af öryggi fyrir hann sjálfan og aðra vegfarendur án stuðnings ökukennara.

Þróftaki á að sýna:

- *réttan undirbúning aksturs og frágang bifreiðar.*
- *tæknilega leikni á bifreið.*
- *hæfni í umferðinni, öryggi, tillitssemi við aðra vegfarendur og fylgni við umferðarreglur.*

Notkun ökunámsbókar

Við upphaf kennslu afhendir ökuskóli eða ökukennari ökunema eintak af ökunámsbók sem er gerð samkvæmt fyrirætlum Umferðarstofu. Bókin er eign nemans og skal hann merkja sér hana og fylla annað út sem er á forsiðu. Færa skal í ökunámsbók þær **upplýsingar um kennslustundir** sem nemi tekur í ökuskóla, hjá ökukennara og í ökugerði, svo og upplýsingar um þann tíma sem varið er til æfingaaksturs með leiðbeinanda. Í bókinni eru gátlistar fyrir ökunema, leiðbeinanda og ökukennara. Gátlistana má nota til að ganga úr skugga um að markmiðum námskrár sé náð.

Í bókinni er einnig eyðublað vegna **æfingaaksturs með leiðbeinanda** þar sem lögreglustjóri getur samþykkt leyfið.

Að loknu námi, bóklegu eða verklegu, vottar ökuskóli, ökukennari og ökugerði með undirskrift sinni í bókina að ökunemi hafi hlotið fullnægjandi undirbúning. Síðan framvísar ökunemi bókinni þegar hann kemur til prófs. Ökunámsbókin sýnir þannig feril ökunáms frá upphafi þar til ökuþróf er staðið.

Týnist ökunámsbók eða hún skemmist þurfa ökunemi og ökukennari/ökuskóli/ökugerði að endurnýja hana með viðeigandi vottun.

Reglur um ökunám mæla svo fyrir að bóklegt og verklegt ökunám skuli vera sambætt þannig að bókleg kennsla og kennsluakstur skuli fara fram samhliða. Fræðileg undirstaða styður þá við verklega kennslu. Æskilegast er að sambættingin sé samkvæmt neðanskraðu. Tilgreindur er fjöldi kennslustunda til viðmiðunar.

Áfangi	Námstími	Bóklegir tímar	Fræðilegt nám	Aksturs-tímar	Verklegt nám
				1	2.1 Grunnþjálfun
Ö ₁	1 vika	4	3.1 Inngangur 3.2 Ökutækið – vegurinn – umferðin	2 - 4	2.1 Grunnþjálfun
Ö ₁	2 vikur	8	3.3 Umferðarhegðun	5 - 7	2.2 Akstur í umferð
Ö ₂	2 vikur	7	3.4 Mannlegir þættir	6 - 7	2.3 Akstur í þéttbýli
Ö ₂	1 vika	3	3.5 Ábyrgð ökumanns	1 - 2	2.4 Akstur í dreifbýli
Ö ₃	1 vika	3	3.3.4 Hraði og aðstæður 3.3.9 Áhætta og áhættumat 3.3.13 Framúrakstur og akstur á malarvegum 3.4.3 Áhrifaþættir ökumannsins 3.5.2 Ábyrgð ökumanns á innra öryggi	2 - 3	2.5 Akstur við erfið skilyrði
				0 - 1	Prófundirbúningur
	7 vikur	25 tímar		17 - 25 tímar	

Ökuþróf – Frumherji – Umferðarstofa

Umferðarstofa hefur eftirlit með ökuskólum, ökukennslu og ökuþrófum á öllu landinu. Frumherji skráir ökunema í próf og prófar þá í umboði Umferðarstofu.

Sími prófskráningar er **570 9070**.

Umferðarstofa, Borgartúni 30, 105 Reykjavík

Sími: 580 2000 - fax: 580 2002

Vefsíða: www.us.is - netfang: okuprof@us.is